

Húsverndarsjóður Reykjavíkur 2021

Yfirlit verkefnis og hlutverk vinnuhóps um yfirferð umsókna

1. Verkefni

Vinnuhópnum er falið að gera tillögu til skipulags- og samgönguráðs um styrkveitingu úr Húsverndarsjóði Reykjavíkur.

2. Ábyrgðarmaður

Ábyrgðarmaður verkefnisins er formaður skipulags- og samgönguráðs.

3. Tilgangur

Að tillögur um styrkveitingar úr Húsverndarsjóði Reykjavíkur séu unnar í samræmi við gildandi *Reglur fyrir Húsverndarsjóð Reykjavíkur* ásamt síðari breytingum, og rökstuddar samkvæmt þeim.

4. Starf

Vinnuhópurinn skal starfa skv. gildandi *Reglum fyrir Húsverndarsjóð Reykjavíkur* og fylgja í hvívetna settum verkferlum vegna styrkveitinga. Vinnuhópurinn setur sér vinnureglur sem hann skal kynna fyrir skipulagsfulltrúa við upphaf vinnu sinnar. Við starf sitt skal hópurinn halda fundargerðir í samræmi við gegnsæja stjórnsýslu. Hópurinn ber ábyrgð á að gögn vegna umsókna, styrkveitinga og athugasemdir við þær ásamt fundargerðum séu vistaðar í *Erindreka*, skjalavinnslukerfi. Hópurinn skal hafa samráð við önnur svið borgarinnar eftir því sem þörf krefur.

5. Tímafrestur og skil

Vinnuhópurinn tekur til starfa þegar umsóknarfrestur um styrki rennur út ár hvert og skila tillögum til skipulags- og samgönguráðs ekki seinna en fimm vikum síðar. Við skil á tillögum um styrkveitingu skal fylgja með rökstuðningur bæði af hverju styrkur er veittur og af hverju umsókn er hafnað. Vinnuhópurinn lýkur störfum þegar skipulags- og samgönguráð/borgarráð hefur endanlega afgreitt tillögur hans um styrkveitingar það árið.

5. Skipan hóps og ábyrgðarmaður

Skipulags- og samgönguráð skipar vinnuhópinn. Hann skipa **XX og XX**, fulltrúar í skipulags- og samgönguráði, Sigrún Reynisdóttir frá embætti byggingarfulltrúa, Sólveig Sigurðardóttir frá embætti skipulagsfulltrúa og Alma Sigurðardóttir f.h. Borgarsögusafns/Húsverndar. Sólveig Sigurðardóttir er leiðtogi hópsins og skal hún sjá um að boða hann til fundar. Sólveig er jafnframt sá fulltrúi hópsins sem skal hafa eftirlit með framkvæmdum sem styrktar eru úr sjóðnum skv. reglum um hann og vísað er til hér að ofan.

Reykjavík 22.01.2021

Sólveig Sigurðardóttir
arkitekt / verkefnastjóri

STYRKIR ÚR HÚSVERNDARSJÓÐI REYKJAVÍKURBORGAR 2021

Húsverndarsjóður Reykjavíkur auglýsir eftir umsóknum um styrki til viðgerðar og endurgerðar á byggingum í Reykjavík sem hafa sérstakt varðveislugildi af listrænum eða menningarsögulegum ástæðum.

Eftirtaldar upplýsingar skulu koma fram í umsókn:

1. Lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum.
2. Tímaáætlun.
3. Kostnaðaráætlun.
4. Ljósmynd af húsinu eins og það er nú og eldri ljósmynd ef hún er til.

Frekari upplýsingar eru veittar af Húsverndarstofu sem er með opinn símatíma á miðvikudögum kl. 15-17. Sími: 411 6333. Einnig má senda tölvupóst á minjavarsla@reykjavik.is.

Umsóknir eru eingöngu móttæknar á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á Rafrænni Reykjavík; <http://rafraen.reykjavik.is>.

Opnað verður fyrir aðgengi að umsóknum þann **XX.** febrúar 2021, kl. 13:00, og lokað verður **XX.** febrúar 2021, kl. 23:59.

Vakin er athygli á því að styrkir sem úthlutað verður 2021 og verða ekki nýttir fyrir lok árs 2022 falla niður.